



SKOÐUN Það vantar alltaf þessa listamenn, skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **13**



MENNING Berndsen og Hermigervill notuðu gamlar græjur úr eigu Kraftwerk við upptöku á nýrri plötu. **26**



SPORT Katrín Jónsdóttir lék sinn síðasta landsleik í gær. Tilfinningaþrungin kveðjustund. **22**

GEFORCE GTX 650

msi

23.990

tl.is

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

22. júl 2013
170. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Spilað á Björgvin

Eini orgelsmiður landsins er nú að setja upp nýjustu smíð sína í Vídalínskirkju í Garðabæ. **6**

Bláskelsrækt eyðilögð Bláskeljabóndi við Breiðafjörð sakar síldveiðiskiptjóra um að valda sér tugmilljóna tjóni og hefur farið með málið til lögreglu. **2**

Fá spítalann ekki gefins Hafnfirðingar fá hlut ríkisins í St. Jósefsspítala ekki gefins, samkvæmt ákvörðun velferðarráðuneytisins. **4**

Fastir á flugvöllum Fleiri en Edward Snowden hafa þurft að hrist á flugvöllum í lengri tíma. Fréttablaðið skoðaði málið. **8**



Bolungarvík	13°	SV	4
Akureyri	17°	S	3
Egilsstaðir	20°	NA	2
Kirkjubæjarkl.	18°	SA	2
Reykjavík	14°	SA	3

Bjart á A-helmingsi landsins í dag en skýjað að mestu V-til með líflísháttar vætu. Vindur hægur að mestu. Hiti 13-20 stig, hlýjast NA-lands. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Ultra reach tannburstinn frá **zendium**

Mótaður eftir áhöldum tannlækna til að ná lengra

Góði tannhirðirinn **zendium**

Ekkert lát á bóluinni í íslenskri minkarækt

Áform eru uppi um að reisa minkabú við Þorlákshöfn fyrir tíu þúsund læður. Það er tvöfalt stærra en stærsta bú landsins. Annað stórt minkabú situr fast í kerfinu.

LANDBÚNAÐUR Undirbúningsvinna er hafin við að reisa tuttugu og þriggja þúsund fermetra minkabú um tvo kílómetra utan við Þorlákshöfn. Áformin miðast við að hafa þar tíu þúsund læður en með slíkum fjölda er hægt að framleiða um 50 þúsund skinn.

Þetta yrði tvöfalt stærra minkabú en minkabúið á Mön, sem nú er hið stærsta á landinu.

Stefán Jónsson, sem er forgöngumaður um nýja búíð við Þorlákshöfn ásamt

Ármani Einarssyni, segist vonast til þess að framkvæmdir geti hafist næsta vor.

Peningar fyrir kostnaði eru ekki hristir fram úr erminni, en hann gæti orðið um 1,2 til 1,5 milljarðar. Þeir félagar eru nýir í greininni en Stefán er vélsmiður og Ármann útgerðarmaður. „Við ákváðum að prófa enda er mikil gróska í þessari grein,“ segir Stefán.

„Þetta er náttúrulega bóla, við vitum það, en við erum nú allavega nokkrir eldri en tvævetra í þessu svo



„Þetta er náttúrulega bóla, við vitum það, en við erum nú allavega nokkrir eldri en tvævetra í þessu svo við förum að öllu með gát“

Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdyrabænda

við förum að öllu með gát og látum hana ekki springa framan í okkur,“ segir Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdyrabænda.

- jse / sjá síðu 10

Íslendingar sakna sólarinnar: Mikil ásókn í ljósabekkina

FÓLK Íslendingar hafa verið duglegir að sækja sólbaðsstofur á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. „Ég get ekki kvartað,“ segir eigandi sólbaðsstofu í Kópavoginum.

Veðrið hefur ekki beint leikið við landsmenn það sem af er sumri. Ferðaskrifstofur hafa varla undan við bókanir og ljóst að Íslendingar reyna hvað þeir geta til að komast í sól.

„Síðustu þrjár, fjórar vikur er gjörsamlega allt búíð að vera á hvolfi hjá okkur. Það er eiginlega bara ekkert laust sæti í sólna,“ segir Inga Birna Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá Wow air.

- ka / sjá síðu 26

Efins um kampavínslúbba: Hafa áhyggjur af konunum

SAMFÉLAGSMÁL Samtök kvenna af erlendum uppruna lýsa yfir áhyggjum af konunum sem vinna á kampavínslúbbum.

Varaformaður samtakanna segir mikilvægt að lögregla fylgist náið með að þeim sé ekki misboðið á neinn hátt. Liggja verði fyrir skýr verklýsing og löggildur samningur þegar erlent fólk er ráðið hingað til lands.

„Starfsmenn eiga að þekkja réttindi sín og hvort störf þeirra hér samræmist lögum í landinu,“ segir Anna Katarzyna Wozniczka, varaformaður samtakanna.

Anna segir jafnframt að Íslendingar megi ekki vanmeta starfsemina og ættu frekar að horfa til reynslu nágrannalanda hvar hana varðar.

- mlþ / sjá síðu 4



KEMPUR KVEDJAST Katrín Jónsdóttir faðmar markvörðinn Guðbjörgu Gunnarsdóttur, einn allra besta leikmann Íslands á Evrópumótinu, eftir tapið gegn ógnarsterku liði Svía í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

EM-ævintýri stelpnanna okkar lauk með 4-0 tapi fyrir Svíþjóð í gær:

Katrín kvaddi með tár á vanga

FÓTBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Katrín Jónsdóttir setti punktinn aftan við 19 ára landsliðsferil sinn í gær þegar EM-ævintrýri íslenska kvennalandsliðsins endaði á 0-4 tapi fyrir Svíum í átta liða úrslitum Evrópumótsins í Svíþjóð. Þetta var 132. og síðasta leikurinn hennar Katrínar.

„Ég fór að hágráta þegar hún kom út af því að ég á eftir að sakna hennar og ég veit líka hvað þetta er erfitt fyrir hana. Hún getur verið virkilega stolt af sinni

„Ég fór að hágráta þegar hún kom út af því að ég á eftir að sakna hennar og ég veit líka hvað þetta er erfitt fyrir hana“

Margrét Lára Viðarsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu

frammistöðu og öllu sem hún hefur gert fyrir íslenska kvennaknattspyrnu,“ sagði Margrét Lára Viðarsdóttir.

„Ég var háltóm í hausnum þegar ég var tekin út af og svo eftir leikinn voru meiri tilfinningar í gangi. Ég grét eins og smábarn

en svona er þetta bara. Það er svólitíð skrytið að þetta sé búíð. Það tekur víst eitthvað annað við en það segja þær mér þessar stelpur sem hafa hætt,“ segir Katrín brosandí en það voru mörg tár sem féllu á Örjans Vall í Halmstad í gær.

- óój / sjá íþróttir síðu 22

TILBOÐ! TILBOÐ!

Húsavíkurjógúrt á tilboði

SPURNING DAGSINS



Björn, er Funi búinn að skjóta ykkur ref fyrir rass?

„Já hann Funi er sannkallaður bragðarefur.“

Yrðlingurinn Funi hefur vakið athygli viðskiptavina Þríhnúka, sem býður upp á skipulagðar ferðir ofan í Þríhnúkagíg. Funi hefur haldið til við búðir fyrirtækisins og gleður þar ferðamenn á svæðinu.

Formaður fjárlaganefndar gagnrýnir að starfsmenn Landsbankans eignist hlut í bankanum:

Telur kaupaukakerfið löglaust og ósiðlegt

VIÐSKIPTI Nýlega var tilkynnt að starfsmenn Landsbankans myndu eignast tæplega eins prósent hlut í bankanum. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að hún teldi óeðlilegt að hægt væri að ráðstafa eignum ríkisins með þessum hætti.

„Ég velti fyrir mér hvort það sé lagastoð fyrir þessari úthlutun því þetta lítur út fyrir að vera nokkurs konar gjafagjörningur. Það er alveg klárt í fjárlögum að

þegar á að selja ríkisfyrirtæki eða hluta úr ríkisfyrirtækjum þarf að færa slíka heimild í gegnum þing-“ segir Vigdís sem telur gjörninginn siðlaus- an.

Afhending hlutabréfanna byggist á samningi frá 15. desember 2009 en þá gerðu gamli Lands-



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

bankinn, nýi Landsbankinn og íslenska ríkið samning um fjárhags- uppgjör. Með samþykki ríkisins var nýja Landsbankanum gert að koma á árangurstengdu

launakerfi fyrir starfsmenn bankans.

Steingrímur J. Sigfússon,

þáverandi fjármálaráðherra, segir að þessi niðurstaða hafi verið sú skásta sem fékkst í samningaviðræðunum. „Upphaflega krafan frá erlendu kröfuhöfunum var að koma á árangurstengdu launakerfi fyrir einungis yfirmenn. Við höfnum því alfarið. Eftir mikið þóf varð niðurstaðan sú að kerfið tæki til allra starfsmanna bankans,“ segir Steingrímur og bendir á að þessar eignir hafi í raun verið eignir kröfuhafa en ekki ríkisins. -hp, le



TEKUR VIÐ Filippus tekur við krúnunni af föður sínum Albert II sem sat á valdastóli í tuttugu ár.

MYND/AFP

Albert II afsalaði sér krúnunni eftir tuttugu ár á valdastóli:

Filippus nýr konungur Belgíu

BELGÍA Hinn 53 ára gamli Filippus tók við sem konungur Belgíu í gær en faðir hans, Albert II, afsalaði sér krúnunni eftir tuttugu ár á valdastóli. Filippus sór eið í belgíska þinghúsinu en hann er sjöundi konungur landsins. Hann sór að standa vörð um stjórnarskrána líkt og hefð er fyrir.

Filippus konungur nam við háskólana í Oxford og Stanford en hann er einnig herflugmaður. Um 250 manns voru viðstaddir athöfnina og veifuðu Filippus og eiginkona hans, Matthildur drottning, til fólksins af svölum Konungshallarinnar í Brussel í gær. -ka

Kosið til Japansþings:

Shinzo Abe vann stórsigur

JAPAN Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, vann stórsigur í þingkosningum í Japan í gær. Kosið var um helming þingsæta í efri deild þingsins. Kjörsókn var þó aðeins um 52,6 prósent.

Flokkur Abes, Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn, og samstarfsflokkur hans hafa nú meirihluta í báðum deildum þingsins en það þýðir að frumvörp koma til með að eiga greiðari leið í gegnum þingið. „Við viljum bregðast við ósk þjóðarinnar um efnahagslegan bata,“ sagði forsætisráðherrann eftir niðurstöðurnar í gær. -ka

Bíslýs í Norðurárdal:

Fjórir á spítala

SLYS Fjórir voru fluttir á slysadeild eftir tvö slys í Norðurárdal í gær.

Fyrri slysið varð þegar bifreið var ekið á lamb. Ökumaður rútu fyrir aftan bifreiðina náði ekki að hemla í tæka tíð og sveigði því frá. Lenti hann þannig framman á jeppa sem kom úr gagnstæðri átt.

Þrír voru fluttir á spítala eftir áreksturinn og voru þeir allir í jeppanum sem hafnaði utan vegar.

Þá var ökumaður vélhjól einnig fluttur á sjúkrahús eftir að hafa kastast af hjólinu við Hreimsstaði í Norðurárdal. Vélhjólamaðurinn er sagður fótbrotinn. Að sögn lögreglu gekk umferð í Borgarfirði mjög hægt vegna slyssanna. -hva, mlþ

Síldveiðiskip skemma ítrekað bláskeljarækt

Eigandi bláskeljaræktunar á Stykkishólmi fullyrðir að síldveiðibátar hafi ítrekað valdið honum tjóni sem nemur tugum milljóna. Fisksali segist vera algjörlega uppi-skroppa með bláskel vegna þessa. Lögregla hefur verið með málið til skoðunar.

SJÁVARÚTVEGSMÁL Grunur leikur á að stórir síldveiðibátar leggi á mið þar sem bláskeljaræktun fer fram með þeim afleiðingum að ræktunin eyðileggst. Símon Már Sturluson, eigandi fyrirtækisins Íslensk bláskel og sjávargróður ehf. í Stykkishólmi, fullyrðir að síldveiðibátarnir hafi valdið tugum milljóna tjóni.

„Þeir sigla inn á svæði sem okkur hefur verið úthlutað og kasta yfir burðarlínuna sem heldur skelinni fastri. Þannig rífa þeir bláskelina af línunum og hún fellur til botns og týnist. Ég er búinn að leita og leita að þeim. Krossfiskarnir eru líklega búnir að éta þær. Bátarnir eyðilögðu 30 tonna ræktun í fyrrihaust sem hefur valdið um 40 milljón króna tjóni fyrir okkur,“ segir Símon og bendir á að þetta sé í þriðja skipti sem bátarnir soga upp skelina.

„Þetta er svakalegt áfall fyrir okkur og með ólíkindum hvernig þessir skipstjórar haga sér,“ bætir Símon við.

Þó svo að Símoni hafi verið úthlutað svæði til ræktunar á bláskel stendur hvergi í lögum að öðrum skipum sé bannaður aðgangur að svæðinu. Hins vegar gerast skipstjórar brotlegir ef skipin valda tjóni.

Símon segir að málið sé í rannsókn hjá lögreglu, en ekki sé búíð að yfirheyra skipstjóra síldarbátanna. „Þeir gefa sér bara ekki tíma til að koma í yfirheyrslur og komast upp með það. Ég sá þá sigla yfir miðinn og það ætti að vera nóg,“ segir Símon og bætir við að hann sé búinn að fá það staðfest hjá Landhelgisgæslunni.

Kristján Berg, eigandi fiskbúðarinnar Fiskikóngurinn, segir að hann sakni þess að geta boðið viðskiptavinum upp á skelina. „Við erum algjörlega uppskröppa með bláskel í búðinni vegna þessa tjóns,“ segir Kristján.

Símon hefur þurft að segja upp fimm starfsmönnum vegna tjónsins, þar sem enga skel er að finna lengur.



BLÁSKEL Símon segir að skeljarnar falli til botns og týnist. Líklega éti krossfiskarnir þær.

„Ég er búinn að leita og leita að þeim. Krossfiskarnir hafa líklega étið þær.“

Símon Sturluson
bláskeljabóndi

Einn var fluttur á slysadeild eftir að rússnesk þota brotlenti í Keflavík:

Ökklabrotnaði í brotlendingu

SLYS Einn var fluttur á slysadeild í gærmorgun, líklega ökklabrotinn, eftir að rússnesk þota, sem verið hafði á æfingaflugi um nóttina, brotlenti á Keflavíkurflugvelli.

Rannsóknarnefnd samgöngumála hefur hafið rannsókn á óhappinu en grunur leikur á að landingarbúnaður vélarinnar hafi verið bilaður.

Skúli Jónsson, aðstoðaryfir- lögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurnesjum, segir í samtali við Fréttablaðið að allir hafi sloppið ómeiddir nema einn. „Það voru fimm manns um borð og fjórir reyndust ómeiddir. Einn var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja með áverka á fæti, en það bendir allt til þess að hann sé ökklabrotinn,“ segir Skúli sem vinnur nú að rannsókn á vettvangi.



Skúli segir að það sé algjörlega ótímabært að fjalla um hvað olli slysinu en ítrekar að lögreglan og rannsóknarnefnd samgöngumála vinni nú að því að komast að því hvað fór úrskeiðis.

Í takt við aðgerðaráætlun voru ýmsar starfsstöðvar og stofnanir virkjaðar sem annast rekstur og uppbyggingu flugvalla á Íslandi

ásamt slökkviliði, björgunar- sveitum og Rauða krossinum.

Potan var af gerðinni Sukhoi Super-jet og er framleidd í Rússlandi. Framleiðendur flugvéla af sömu tegund hafa áður þurft að bregðast við bilunum í landingarbúnaði á vélum sínum og hafa sjö flugvélar af þessari tegund verið framleiddar síðan árið 2007. -khn

BILUN Í LENDINGAR- BÚNAÐI Rússnesk flugvél af gerðinni Sukhoi-jet 100 brotlenti á Keflavíkurflugvelli í gær.

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

Opnaðu eyrum þyria tækifærinu

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



Íslenskt CrossFit lið á leið á heimsleika í LA

CrossFit snýst um að ná frábæru alhliða formi, ögra stöðugt nýjum vöðvum og taka sífellt nýjum áskorunum. Team Thor er harðsnúið lið á leið á heimsleikana í CrossFit í Los Angeles. Þol, úthald og herkænsla skipta öllu í greininni og þar er rétt næring lykilatriði. Betra líf réttirnir frá 1944 uppfylla allir kröfur skráargatsins sem er hollustumerki sem auðveldar neytendum að velja holla matvöru.

Við óskum Team Thor góðs gengis á heimsleikunum.



Engin viðbætt rotvarnarefni.

Hægdun tryggir að vítamín, bragðefni og næringarefni halda sér.

SVONA ERUM VIÐ



7.715 heimili fengu fjárhagsaðstoð sveitarfélaga árið 2011.

Árið áður fengu 6.910 heimili slíka aðstoð.

Fjölgun á milli ára nemur 805 heimilum. Fjölmennustu hóparnir sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2011 voru einstæðir barnlausir karlar og einstæðar konur með börn.

Ríkið hafnar ósk Hafnfirðinga um að gefa eftir hlut í 426 milljóna fasteignum:

Bærinn fær ekki St. Jósefsspítala gefins

STJÓRNISÝSLA Velferðarráðuneytið hefur hafnað ósk Hafnarfjarðarbæjar um að afhenda bænum endurgjaldslaut 85 prósentu eignarhluti ríkisins í St. Jósefsspítala og Suðurgötu 44. Fasteignamat húsanna er samtals 426 milljónir.

St. Jósefsspítali hefur staðið auður síðan sjúkráhusstarfsemi var lögð þar af fyrir um einu og hálfu ári. Gunnar Axel Axelsson, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar, segir Guðbjart Hannesson, þáverandi velferðarráðherra, hafa nefnt að nýta bæri fasteignirnar fyrir nærsamfélagið í Hafnarfirði.

„Við lögðum fyrir ráðuneytið ýmsar

hugmyndir um menningastarfsemi sem gæti verið í húsinu. Forsendan var og er að ríkið afsalaði sér sínum hluta líkt og það hefur gert á Ísafirði og víðar við svipaðar aðstæður,“ segir Gunnar, sem kveður Hafnarfjörð ekki í sérstakri þörf fyrir aukio húsnæði.

„Við fögnum við því að fá skýrt svar en nú er boltinn hjá ríkinu sem þarf að svara því hvort húsið verði sett í almenna sölu eða hvort ríkið hyggst nýta það á einhvern hátt. Það gengur ekki að þessar byggingar standi auðar áfram og grotni niður,“ segir formaður bæjarráðs.



ST. JÓSEFSSPÍTALI Unnið að brottflutningi Landspítalans úr Hafnarfirði í nóvember 2011. Byggingarnar standa enn auðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sameining í undirbúningi: Illugi telur háskóla of marga

MENNTAMÁL Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra sagði í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins í vikunni að sameining háskóla á Íslandi væri í undirbúningi í menntamálaráðuneytinu.



ILLUGI GUNNARSSON

Illugi sagðist þeirrar skoðunar að of margir háskólar væru hér á landi og að stefnt væri að sameiningu háskóla á þessu kjörtímabili.

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, tekur undir orð Illuga og telur að sameining Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík gæti skilað faglegum og fjárhagslegum ávinningi.

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, segir hins vegar sameininguna örökretta og að honum þyki samkeppni milli háskóla afar mikilvæg.

Vilja athugun á starfsmannamálum Kampavínsklúbbanna

Samtök kvenna af erlendum uppruna vilja úttekt á starfsmannamálum kampavínsklúbba. Þær segja mikilvægt að vanmeta ekki starfsemi sem þessa. Ganga verði úr skugga um að konurnar séu hér á réttum forsendum.

SAMFÉLAGSMÁL Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi kalla eftir því að starfsmannamál á kampavínsklúbbum verði skoðuð sérstaklega af lögreglu. Hættulegt sé að vanmeta starfsemi sem þar fari fram.

Anna Katarzyna Wozniczka er varaformaður samtakanna en hún segir að miðað við fréttalutning síðustu daga af stöðunum tveimur sé augljóslega ekki allt með felldu.

Hún segir jafnframt að það eigi að tala upphátt um starfsemi sem þessa.

„Okkur finnst þó mikilvægt að biða með að dæma eða ýta undir fordóma þangað til lögreglan og ábyrgar stofnanir rannsaka málið með aðstoð tülka,“ segir Anna.

Anna segir einnig að kampavínsklúbbar þurfi að vera undir stöðugu eftirliti lögreglu. Mikilvægt sé að skoða reglulega að starfsmenn sem þar vinna séu með kennitölu og skattkort og einnig verður að huga að föstum ráðningarsamningum með starfslýsingu.

„Starfsmenn eiga að vita um réttindi sín og hvort það sem þeir gera hér á landi samræmist lögum,“ segir hún.

Anna bendir á að konur sem hingað koma frá Austur-Evrópu þurfi ekki sérstakt atvinnuleyfi. Þær megi dvelja og starfa hér á



VIP CLUB Í AUSTURSTRÆTI Eigandi VIP Club í Austurstræti hefur hótað að höfða meiyrdómálgæmæla um staðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



ANNA WOZNICZKA

landi í allt að þrjú mánuði. „Það gerir þær mun ósýnilegri. Því er mikilvægt að Ísland vanmeti ekki þetta mál og læri frekar af reynslu nágrannalandanna,“ segir Anna.

„Sérstaklega með tilliti til þess að konurnar sem þarna vinna eru nýkomnar til landsins og búa allar saman í lítilli íbúð. Það verður að ganga úr skugga um að þær séu

hér á réttum forsendum,“ segir hún.

Anna segist jafnframt sammála orðum Bjarkar Vilhelmsdóttur, borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, um að starfsemi sem þessi sé varasöm. „Er þetta eitthvað sem við viljum hér?“ segir Anna.

Fyrir helgi stefndu eigendur kampavínsstaðanna VIP Club og Crystal borgarfulltrúanum Björk

Vilhelmsdóttur og Steinunni Gyðu- og Guðjónsdóttur, forstöðukonu vændisathvarfsins, fyrir ummæli um að það virtist sem vændi og mansal væri stundað í tengslum við staðina.

Konurnar þurfa að biðjast afsökunar á ummælunum og greiða miskabætur í dag, ella verður höfðað meiyrdómálgæmæla gegn þeim.

maria@frettabladid.is

Jarðskjálfti í Nýja-Sjálandi: Töluvert tjón í hörðum skjálfta

NÝJA-SJÁLAND Harður jarðskjálfti skók Nýja-Sjáland í gærmorgun en jarðskjálftinn var af stærðargráðunni 6,9 á Richter. Upptökin voru um 57 kílómetra suðvestur af höfuðborginni Wellington.

Engar fregnir hafa borist af manntjóni en rafmagn fór víða af í borginni og fólk sat fast í lyftum. Eins varð töluvert tjón á byggingum.

„Það var eins og húsið ætlaði sér að rísa á fætur og labba niður götuna,“ sagði útvarpsmaðurinn Tony Vale.

- ka


Dansa fyrir karlmenn í bakherberginu

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 sögðu tvær breskar starfstúlur á kampavínsklúbbnum VIP í Austurstræti að þær ætluðu ekki sitja undir því að vera kallaðar vændiskonur og að orðrómur um að mansal sé stundað í tengslum við staðinn sé ekki sannur. Konurnar vilja opinbera afsökunarbeiðni frá þeim sem hafa viðhaft

slík ummæli og hafa ráðið sér lögfræðing. „Við vinnum við að skemmta. Við tölum við karlmenn, látum þeim líða þægilega, dönsu fyrir þá og syngjum. Eða bara það sem gerir þá ánægða. Þetta snýst um félagsskap okkar, það er allt og sumt. Félagsskapur, dans, kampavínsglas eða -flaska,“ sögðu konurnar tvær.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 30° Billund 28° Gautaborg 25° London 32° Orlando 32° San Francisco 18°
 Basel 31° Frankfurt 32° Kaupmannahöfn 25° Mallorca 34° Ósló 23° Stokkholmur 19°
 Berlín 30° Friedrichshafen 30° Las Palmas 35° New York 29° París 35°

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður



VISTVÆNAR VÖRUR

Í Rekstrarlandi finnuruð mikið úrval af vistvænum og vottuðum vörum.



VISTVÆNN RUSLAPOKI
 100% niðurbjótanlegur, úr maíssterkju, 10 lítra, 25 stk. í pakka.
 Verð 490 kr.



MILD HÚÐ- OG HÁRSÁPA til daglegra nota. Lágt ph-gildi, aðeins 4,5. Verð 396 kr.



REKSTRARLAND


Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

rekkjan

SÆNGURFATA ÚTSALA!

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI



ÓTRÚLEG
VERÐ!

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

DEVINE

Queen Size (153x203 cm)

FULLT VERÐ 282.083 kr.

NÚ 169.249 kr.

40%
AFSLÁTTUR



ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

BELLA EURO

Queen Size (153x203 cm.)

Fullt verð 197.923 kr.

NÚ 118.755 kr.

40% AFSLÁTTUR!

ADEINS

4

RÚM



50% AFSLÁTTUR AF HANDKLÆÐUM

40-50% AFSLÁTTUR AF RÚMTEPPUM



rekkjan

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða borg í Bandaríkjunum lýsti yfir gjaldþroti í vikunni?
2. Hversu mörg ár eru liðin frá vígslu Skálholtskirkju?
3. Hvaða hönnunarmerki prýðir flestar forsiður tískutímarita í ár, eða alls 111 forsiður?

SVÖR

1. Dætur-borg í Michigan 2. 50 ár 3. Gucci

Stefán Logi Sívarsson var fluttur á Litla-Hraun á föstudag af lögreglustöðinni við Hverfisgötu:

Stefán Logi hefur ekki verið yfirheyrður

LÖGREGLUMÁL Stefán Logi Sívarsson, sem grunaður er um um að hafa í félagi við aðra svipt mann frelsi sínu í höfuðborginni fyrir um tveimur vikum og pyntað, hefur ekki verið yfirheyrður af lögreglu.

Lögmaður hans, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, segir þau vinnubrögð lögreglu gagnvart skjólstaðingi sínum í málinu á mælisverð.

Stefán hefur setið í gæsluvarðhaldi í rúma viku. Meirihluta varðhaldsins hefur hann dvalið í einangrunarklefa á



STEFÁN LOGI SÍVARSSON



JÓN H.B. SNORRASON

lögreglu hefur ekki þótt tilefni til að taka af Stefáni skýrslu enn sem komið er.

„Ég get lítið tjáð mig um málið að svo stöddu, nema að rannsókn er í fullum gangi,“ segir Jón H.B. Snorrason aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Stefán Logi var handtekinn þann 13. júlí síðastliðinn og úrskurðaður í tveggja vikna gæsluvarðhald í kjölfarið. Sérsvait lögreglu handtók Stefán í Miðhúsaskógi í Biskupstungum eftir Samkvæmt upplýsingum frá

umfangsmikla leit á öllu Suðurlandi.

Stefán Logi Sívarsson og fjórir menn til viðbótar eru grunaðir um aðild að minnst þremur alvarlegum líkamsárásarmálum undanfarnar vikur. Alls hafa fimm menn verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins.

Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir Stefáni Loga rennur út næstkomandi föstudag, að öllu óbreyttu.

- mlþ

Norska konan í Dúbaí:

Dalelv fundar með saksóknara

DÚBAÍ Hin norska Marte Dalelv, sem dæmd var í 16 mánaða fangelsi eftir að hafa verið nauðgað, hefur verið boðuð á fund saksóknara í Dúbaí í dag.



MARTE DALELV

Órlög hennar geta því ráðist í dag en málið hefur vakið gríðarlega athygli um heim allan. Lögregluþjónar í Dubai trúðu Marte ekki þegar hún leitaði til lögreglu eftir nauðgunina. Þeir vörpuðu henni í fangaklefa á þeim forsendum að hún hefði stundað kynlíf utan hjónabands og neytt áfengis án heimildar.

Marte er þakklát fyrir stuðninginn sem hún hefur fengið á síðustu dögum.

- ka



MÓTMÆLT Mótmælin fóru fram við flutningaskip með langreyðarkjöt.

Mótmæli á hafi úti:

Segja veiðarnar tilgangslausar

VEIÐI Samtökin IFAW og Hvalaskoðunarsamtök Íslands stóðu fyrir mótmælaaðgerðum í gærnótt, en þau telja hvalveiðar Íslendinga tilgangslausar.

Þau sigldu út á Faxaflóa með hvalaskoðunarbátum að flutningaskipi Samskipa sem var á leið til hafnar með langreyðarkjöt sem ekki fékkst umskipað í evrópskum höfnum. „Það er verið að benda á tilgangssleysi hvalveiðanna,“ sagði Sigursteinn Mátsson, fulltrúi IFAW.

- hva, mlþ



SMÍÐIRNIR EITTHVAÐ AÐ PÍPA Hér er Björgvin með eina af rúmlega þúsund pípum en fyrir aftan hann er Egill sonur hans að baksa við aðra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leikið á Björgvin í kirkjum landsins

Eini orgelsmiður landsins er nú að setja upp hönnun sína í Vídalínskirkju í Garðabæ. Orgelið er um sjö metrar á hæð og með eitt þúsund og tvö hundruð pípur. Orgelin heita eftir orgelsmiðnum svo þetta er þrítugasti og fjórði Björgvininn.

MENNING „Það er liðið um það bil ár síðan ég rólta hérna um kirkjuna með organista og formanni sóknarnefndar til að sjá hvernig við vildum hafa þetta,“ segir Björgvin Tómasson orgelsmiður, sem nú er að setja upp nýjustu afurð sína í Vídalínskirkju í Garðabæ.

Slíkt verk er ekki hrist fram úr erminni en því fylgja 1.200 pípur og eru sumar þeirra í um sjö metra hæð. Þegar þær eru komnar á sinn stað á svo eftir að stilla og innþóna orgelið, sem er tímafrekt, svo það verður ekki fyrr en í október sem hljóðfærið verður komið í gagn.

„Það er mikill munur fyrir kirkjurnar að fá innlendan mann til að gera þetta. Ég get til dæmis smíðað orgelið inn í kirkjuna en því er ekki að heilsa þegar menn kaupa þetta að utan,“ segir Björgvin.

Það er reyndar ekki um marga innlenda að ræða því hann er eini orgelsmiðurinn á landinu og því segir hann í gríni að það ríki alltaf mikil sátt þegar stéttarfélagið kemur saman.

1200

pípur eru í nýjasta orgeli Björgvins í Vídalínskirkju í Garðabæ.

Hann er engin nýgræðingur í greininni en aldarfjórðungur er liðinn frá því hann hannaði sitt fyrsta orgel. „Já, það var Björgvin Tómasson opus 1 en þessi hérna er Björgvin Tómasson opus 34.“

Honum þykir það þó óneitanlega undarleg tilhugsun að verið sé að leika á Björgvin víða um land. Hann segist þó ekki gera upp á milli þessara nafna sinna. „Maður gerir ekki upp á milli barnanna sinna,“ segir hann.

„Hins vegar er það alveg sársaukalaust að segja frá því hvar þeir hljóma best en eins og við vitum getur hljómburður verið æði misjafn í kirkjum landsins. Ég er til dæmis sérstaklega ánægður með hvernig hann hljómar í Laugarneskirkju, þar er reyndar stærsta orgelið sem ég

„Það er mikill munur fyrir kirkjurnar að fá innlendan mann til að gera þetta. Ég get til dæmis smíðað orgelið inn í kirkjuna en því er ekki að heilsa þegar menn kaupa þetta að utan

Björgvin Tómasson
orgelsmiður

hef smíðað.“ Hann segist einnig ánægður með hvernig Björgvinarnir hljóma í Hjallakirkju og Digraneskirkju í Kópavogi.

Þótt Björgvin sé einn í stéttarfélagi orgelsmiða á Íslandi er hann ekki einn að verki. „Ég er svo heppinn að hafa starfað með Jóhanni Halli Jónssyni smíði í ein tuttugu ár og svo Guðmundi Gestí Þórisyni um alllangt skeið. Svo hefur sonur minn verið mér mikil hjálparhella. Þó held ég að það sé borin von að hann vilji halda taka við kyndlinum og halda þessari listiðju í fjölskyldunni.“

jse@frettabladid.is



Seiðandi sumarbragð



KOLVETNA-SKURTUR

NÝTT
MANGÓ & ÁSTARALDIN

www.skyr.is



Ég hef tekið ákvörðun



Þessi Ljósastaur fer!

Það er ekki hægt að horfa uppá að borgarbúar bakki meira á ljósastaurinn og verði fyrir milljónatjóni.

**Glænýr Villtur lax & Glænýjar
íslenskar kartöflur.**

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is



Ein líkamsrás um helgina: Nefbrotnaði við hnefahögg

LÖGREGLUMÁL Tilkynt var um líkamsrás í miðbænum aðfaranótt sunnudags en maður hafði verið sleginn í andlitið. Var hann fluttur með lögreglubíl á slysideild Landspítalans til aðhlyningar og talið er að hann hafi nefbrotnað.

Maðurinn var í svo annarlegu ástandi að starfsfólk slysideildarinnar gat með engu móti aðstoðað hann. Var hann því vistaður í fangageymslu lögreglunnar þar til ástand hans skánaði.

David Cameron vill að netþjónustufyrirtækin taki enn meiri ábyrgð og íhugar að breyta lögum: Cameron vill útrýma barnaklámi af netinu

BRETLAND Forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, hefur hvatt netþjónustufyrirtæki til þess að vinna harðar að því að útrýma barnaklámi af veraldarvefnum. Cameron sagði jafnframt að hann mundi íhuga að herða lög, bregðist fyrirtækin ekki við þessari beiðni.

„Sem stjórnmalamaður og foreldri hef ég áhyggjur af þessari þróun. Við eigum öll smá sök í því að segja að allt sé leyfilegt á veraldarvefnum og að það sé ekkert við því að gera. En það eiga að vera til lög um það sem birtist á vefnum,“ sagði Cameron í sjónvarpsviðtali á BBC á sunnudaginn.

Forsætisráðherrann sagði að leitarvél

eins og Google og Yahoo þyrftu að taka meiri ábyrgð á því efni sem finna má hjá leitarvélunum. „Það er mikilvægt að fyrirtæki af þessari stærðargráðu sýni samfélagslega ábyrgð,“ bætti Cameron enn fremur við.

Hann hrósaði þó netfyrirtækjunum fyrir að hafa lokað algjörlega á viss leitarorð á þráðlausu interneti til þess að koma í veg fyrir að börn gætu komist í gróft myndefni á stöðum eins og kaffihúsum og veitingastöðum.



HVETUR TIL ÁTAKS Forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, vill útrýma barnaklámi af veraldarvefnum.



FANN VERK Í BRJÓSTI Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti konu á Fimmvörðuháls í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON

Erlend kona veiktist á göngu Flutt með þyrlu frá Hvolsvelli

SLYS Erlendur ferðamaður veiktist í göngu á Fimmvörðuhálsi klukkan rúmlega þrjú í gær.

Var konan flutt af björgunarsveitarmönnum niður af hálsinum og þar beið hennar sjúkrabíll.

Konan var svo flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar frá Hvolsvelli á Landspítalann í Reykjavík.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar fann konan fyrir verk fyrir brjósti.

Ólík strandmenning þjóða: Þjóðverjar helst naktir á strönd

RANNSÓKN Þjóðverjar eru frjálsgastir allra þjóða á sólarströndum samkvæmt rannsókn sem var gerð af ferðavefnum Expedia. Rannsókninni var ætlað að kortleggja strandhegðun ferðafólks.

Könnunin náði til ferðamanna víða að og sýndu niðurstöður að 17 prósent þýskra ferðamanna hafa striplast á stöndum en Frakkar eru hins vegar ólíklegastir til að gera slíkt hið sama.

Fleiri en Snowden fastir á flugvöllum

Íranskur flóttamaður hafðist við í átján ár á flugstöð í París. Fleiri hafa þurft að hirst mánuðum saman á flugvöllum.

RÚSSLAND Bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden hefur nú setið fastur á flugvöllum í Moskvu í mánuð, án vegabréfs.


Hann er engan veginn sá eini sem lent hefur í slíkum aðstæðum en ástæður þess eru reyndar margvíslegar. Sumir hafa týnt skilríkjum sínum, aðrir eru að mótæla og enn aðrir hafa enga ástæðu gefið.

Í tilviki Snowden var það ákvörðun bandarískra stjórnvalda að ógilda vegabréf hans sem varð til þess að hann komst ekki lengra, eftir að hafa ferðast til Moskvu frá Hong Kong þann 23. júní.

Snowden virðist hafa ætlað sér að fara áfram til Kúbu og bíða þar þangað til hann fengi pólitískt hæli, annaðhvort þar eða í öðru ríki. Hann hefur nú sótt um hæli í Rússlandi til bráðabirgða, þangað til hann fær inni annars staðar.

Fái hann hæli í Rússlandi getur hann farið út fyrir flugvöllinn og ferðast um landið en Vladimir Pútín forseti hefur sagt að á meðan hann sé í Rússlandi muni Rússar ekki leyfa honum að leka fleiri upplýsingum sem gætu verið skaðlegar fyrir Bandaríkin.

Nokkrir flugvallarþráir




Mehran Karimi Nasser

Íranskur flóttamaður dvaldist í heil átján ár í flugstöðinni á Charles de Gaulle-flugvöllinum í París. Hann hafði týnt skilríkjum sínum. Hann yfirgaf loks flugstöðina árið 2006 þegar hann þurfti að fara á sjúkrahús. Árið eftir fór hann í skýli fyrir heimilislaust fólk í París. Árið 2004 varð saga hans efniviður í kvikmyndina Flugstöðin, sem Tom Hanks lék aðahlutverk í.



Sanjay Shah

Kenjamaður reyndi að komast til Bretlands árið 2004 á vegabréfi, sem ætlað er breskum ríkisborgurum búsettum utan Bretlands. Honum var neitað og var sendur aftur til Kenja. Þar dvaldi hann í þrettán mánuði á Naíróbí-flugvelli í mótmælaskyni og fékk á endanum fullgildan breskan ríkisborgarétt.



Hiroshi Nohara

Japanskur ferðamaður hafðist við á Benito Juárez-flugvöllinum í Mexíkóborg í nærri fjóra mánuði árið 2008. Þetta gerði hann sjálfviljugur og hefur aldrei gefið upp ástæðuna. Í desember 2008 fór hann loks burt í fylgd japanskrar konu.

Zahra Kamalfar og fjölskylda hennar

Hún flúði frá Íran ásamt syni sínu og dóttur eftir að eiginmaður hennar var tekinn af lífi í írönsku fangelsi. Hún bjó á Sjeremetsjev-flugvöllum í Moskvu í tíu mánuði áður en hún fékk hæli í Kanada árið 2007.



Feng Zhenghu

Kínverskur aðgerðasinni dvaldist á Narita-flugvöllinum í Tókýó í þrjú mánuði árið 2010 eftir að honum hafði verið neitað um að ferðast aftur til Kína. Hann fékk á endanum leyfi til að fara til Shanghai, en var settur í stofufangelsi við komuna þangað.



Edward Snowden

Uppljóstrarinn hefur verið fastur á flugvöllum í Moskvu frá 23. júní, eftir að Bandaríkstjórn ógilti vegabréf hans. Honum hefur verið boðið hæli í Bólívíu, Níkaragva og Venesúela og hefur sótt um bráðabirgðahæli í Rússlandi.

Myndir: Associated Press

© GRAPHIC NEWS

22 ára kona myrt í Svíþjóð: Skotin til bana á lestarstöð

SVÍPJÓÐ 22 ára gömul kona var skotin til bana á lestarstöð í Umeå í Svíþjóð í gærmorgun.

Konan var flutt lífshættulega slösuð á Norrlands-sjúkrahúsið þar sem hún lést af sárum sínum. Fjölmörg vitni voru að skotárásinni.

„Við heyrðum skothvell og eftir 2-3 sekúndur birtist kona hinum megin við lestarteinana sem hrópaði á hjálp. Hún gekk fimm metra og féll svo í jörðina,“ sagði Eric Örnkloo í samtali við Aftonbladet.

Tveir menn, 26 og 28 ára, voru handteknir vegna morðsins í gær. Þeir eru taldir þekkja konuna.

Mjólkurvinnsla fyrir vestan: Ný mjólk fyrir fólk með óþol

ATVINNUMÁL Fyrirtækið Arna ehf. mun hefja vinnslu á mjólk í Bolungarvík í næsta mánuði.

„Við munum fyrst í stað framleiða drykkjarmjólk, rjóma og ab-mjólk,“ segir Hálfán Óskarsson, mjólkurfraeðingur og einn af eigendum. „Síðan bætast við bragðbættar sýrðar mjólkurafurðir eins og jógúrt og skyr í ágúst eða september.“

Allar vörur Örnú ehf. eru laktósafrjár og henta því fólk sem hefur mjólkuróþol en jafnframt öðrum þeim sem vilja mjólk án laktósa.

Í fyrstu verður mjólkinni dreift á Vestfjörðum en síðan er stefnt að sölu um allt land.

www.volkswagen.is



Nýr Golf.



Evrópu- og heimsmeistari

Volkswagen Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og 66 bílblaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Nýr Golf kostar frá **3.540.000 kr.**

Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.



Komdu og reynsluaktu bíl ársins

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

HLJÓÐ 37 dB

PROZONE

SNERTI-TAKKAR

ÞVOTTA-ARMUR

TOPPMÓDEL

STÁL
KYNNINGARVERÐ KR. **169.900**
SPARAÐU 20.000

HVÍT
KYNNINGARVERÐ KR. **159.900**
SPARAÐU 20.000

AEG

F-99009MOP/WOP Uppþvottavél
Toppmódelið frá AEG, sú hljóðlátasta og fullkornasta frá AEG, hlaðin nýri tækni og þægindum.

- ✓ **XXL að innan.** Pláss fyrir allt að 34 cm háa díska.
- ✓ ProClean bytlingarkenndur þvottaarmur sem þvær betur í alla króka og kima.
- ✓ Sú hljóðlátasta sem um getur, aðeins 37 dBA(A)
- ✓ 9 þvottakerfi þ.á.m. glasakerfi, þvottakerfi, sparnaðakerfi og skolon ásamt öflugum hraðkerfi.
- ✓ ProZone þvottasvæði fyrir sérlega óhreina hluti og ProBoost þvottur með auknum vatnsþrýstingi.
- ✓ TimeSaver hraðval - stýttir kerfið um allt að 50%.
- ✓ Snertiskjær og innbyggð LED lýsing.
- ✓ Fullt verð kr. 179.900/189.900.

exquisit

TA-60 Þurrkari
Einfaldur og góður þurrkari.

- ✓ Tekur allt að 6 kg.
- ✓ 2 mismunandi þurrkerfi þ.á.m.: Bómullarkerfi.
- ✓ Kerfi fyrir gerviefni.
- ✓ Krumpuvarn og niðurkæling á tauti.
- ✓ Barkatengi að aftan.
- ✓ Snýst til beggja átta.
- ✓ Orkuflokkur C.
- ✓ HxBxD 85x60x58 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 64.900.

6 KG

FYRIR BARKA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 49.900
SPARAÐU 15.000

1400 SNÚNINGA

AAA EINKUNN

KOLLAUS MÓTOR

XXL 8 KG

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 99.900
SPARAÐU 50.000

exquisit

WM-7214 Þvottavél
Flott 7 kílóa þvottavél með A++ orkunýtni.

- ✓ 1400 snúninga með hraðþvotti.
- ✓ Snertitakkar, LED skjár og valrofi.
- ✓ Framstillt gangsetning möguleg.
- ✓ 15 þvottakerfi þ.á.m. hanþvottur og ull.
- ✓ A++/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindhraða.
- ✓ Áfangabeytivinda og Fuzzylogic þvottatækni.
- ✓ Fullt verð kr. 89.900.

DAEWOO

DWD-FD1442-1 Þvottavél
Framúrskarandi tækni með Direct Drive motor og AirBubble þvottatækni. Að auki færðu meira pláss með XXL 8 kg tromlu og A topp einkunn fyrir þeytindu.

- ✓ Direct Drive motor sem er festur beint á tromluna án þess að nota reim og kolabursta. Mótörinn er ótrúlega slitsterkur, hitnar minna og getur því keyrt lengur.
- ✓ Air Bubble þvottatækni. Betri þvottaárangur.
- ✓ LED tímaskjár - sýnir lengd þvottakerfis.
- ✓ Seinkun á gangsetningu 0-12 klst.
- ✓ 33 cm XXL hurðarop.
- ✓ Mörg sérkerfi og öflugt hraðkerfi.
- ✓ Fullt verð kr. 149.900.

1400 SNÚNINGA

AAB EINKUNN

XL 7 KG

KYNNINGARVERÐ KR. 74.900
SPARAÐU 15.000

TOPP MERKJAVARA Á BOTNVERÐI VERÐVAKT RAFHA

144 CM HÁR

A+ ORKA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 55.555
SPARAÐU 9.345

exquisit

KGC-230/60-1 Kæli og frystiskápur

- ✓ A+ orkuflokkur.
- ✓ Glerhillur.
- ✓ 113 / 53 lítra rúmmál.
- ✓ HxBxD: 144 x 50 x 58 cm.
- ✓ Fullt verð 64.900.

TOPPMÓDEL

KÁMFRITT STÁL

185 CM HÁR

A+ ORKA

ALARM

FRESH ZONE 2-3°C SKÚFFA

NO FROST

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 179.900
SPARAÐU 30.000

Electrolux

EN-3481A0X Kæli- og frystiskápur stál
Ævintýrilega flottur skápur fyrir vandláta fagurkera.

- ✓ Rúmmál kælís 239 lítra og 78 lítra frystir.
- ✓ Sjálfvirk afhriming í kæli og frysti.
- ✓ MultiFlow kæliviða í kæli tryggir jafnt kuldaflæði.
- ✓ HxBxD: 185 x 59,5 x 63,2 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 209.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 4.990
40% AFSLÁTTUR

TRISTAR

WF-2141 Vöflujárn
Vinsælasta vöflujárnið okkar. Bakar tvær hnausþykkar belgískar vöflur. Uppskrift fylgir.

- ✓ Viðlöðunarfritt yfirborð.
- ✓ Stiglaus hitastillir.
- ✓ 1000W.
- ✓ Fullt verð kr. 8.990.

exquisit

KB-45 Kæliskápur

- ✓ 40 lítra kæli og 6 lítra frystir
- ✓ Orkuflokkur A+
- ✓ HxBxD: 51x44x47 cm.
- ✓ Fullt verð kr. 29.900.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 22.222
25% AFSLÁTTUR

SIEMENS

SPANSUDA

KYNNINGARVERÐ KR. 159.900
SPARAÐU 100.000

XL 81 CM

SIEMENS

HB-75GB560S Ofn
Glæsilegur Siemens ofn með Pyrolyse sjálfhreinsibúnaði sem hitar upp í 500°C og brennir alla fitu og óhreindir upp til agna. Umhverfisvænt og einfalt.

- ✓ 9 eldunarkerfi þ.á.m. pizzakerfi, glóðarsteiking og ehta heitur blástur sem tryggir bestu varmadreifingu.
- ✓ SoftClose hæglokun á hurð.
- ✓ Stílhreint útlit í burstuðu stáli með innfellum sökkhnöppum og rafeindaklukku með LED lýsingu.
- ✓ XL 65 lítra ofn í A-30% orkuflokki.
- ✓ Fullt verð kr 259.900.

XL 65 L

PYROLYSE

TRISTAR

13 gerðir af vönduðum pönnum með 50% afslætti!

- ✓ Í öllum gerðum og stærðum.
- ✓ Grillpönnur, WOK pönnur, pönnukökupönnur, djúpar og grunnar pönnur með eða án loks, stórar og litlar.
- ✓ 20, 24, 28, 30 cm breiðar.
- ✓ Henta á allar gerðir af hellum, líka span.
- ✓ Tvöföld viðlöðunarfri húðun.

ALLAR PÖNNUR FRÁ TRISTAR

50% AFSLÁTTUR

13 GERÐIR!

SIEMENS

EH-875ML11E Spansuðuhelluborð
Glæsilegt 81 cm breitt borð með glerkanti.

- ✓ 4 booster háhraðahellur þ.á.m. ein XXL 28 cm. 17 hitaprep á hverri hellu.
- ✓ TouchSlider beinval.
- ✓ Tímastillir með niðurtalningu.
- ✓ Barnalæsing.
- ✓ Utanmál BxD: 81,2 x 52 cm.
- ✓ Fullt verð kr 259.900.

Rafha

Opið
virka daga 9-18
lokað laugar-
daga í júlí

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Kynningarverð gilda Lo.m. 28. júlí.



BEDIÐ EFTIR BARNINU Hópur fólks hefur safnast saman fyrir utan St. Mary's spítalann í London en þar mun hertogaynjan Kate Middleton fæða barn sitt og Vilhjálms bretaprins á allra næstu dögum. Breskir veðbankar telja að erfinginn muni vera kvenkyns og að hún muni hljóta nafnið Alexandra.

MYND/AFIP



FERFÆTTUR GULLMOLI Fyrir mörgum er þetta leiðindavargur en fyrir öðrum er þetta beinlínis ferfættur gullmoli miðað við verðin sem fást fyrir íslenska minkaskinnið um þessar mundir.

Útlit fyrir metframleiðslu minkaskinna

Aldrei hafa verið framleidd fleiri minkaskinn á Íslandi en í ár. Þau verða líklega 180 þúsund talsins. Kínverjar hafa kannað möguleikann á risavöxnu minkabúi hér.

LANDBÚNAÐUR Útlit er fyrir að 180 þúsund minkaskinn verði framleidd á Íslandi í ár, sem er met. „Undanfarin tvö ár hafa verið ævintýrlega góð en það er allt útlit fyrir að þetta ár verði jafnvel enn betra,“ segir Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda.

Undirbúningur er nú hafinn við að reisa stærsta minkabú landsins við Þorlákshöfn. Þar eiga að vera um tíu þúsund læður, og með slíkum fjölda mætti framleiða um 50 þúsund skinn. Búið yrði tvöfalt stærra en minkabúið á Mön, sem nú er hið stærsta á landinu.

Annað bú fyrir fjögur þúsund læður á Ásum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi situr fast í skipulagsferli sem þegar hefur tekið eitt og hálf ár.

Ekki heldur áhuginn sig einungis innanlands því Einar Einarsson, ráðunautur og bóndi að Skörðugili í Skagafirði, segir að umboðsmenn fyrir kínverska aðila hafi verið að leita hér hófanna með það fyrir augum að reisa risavaxið minkabú. Atti þar að framleiða meira af skinni en framleitt er á öllu landinu í dag. „Ég hef nú ekki heyrt frá þeim í tvær vikur svo ég á ekki von á því að neitt verði úr þessu,“ segir Einar.

„Það er líka athyglisvert að það er gríðarlegur áhugi fyrir þessu í Danmörku og Svíþjóð. Það segir ýmislegt þegar áhuginn er svona mikill í landi þar sem smjör drýpur af hverju stráí.“

Björn Halldórsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda

Að sögn Björns Halldórssonar, formanns Sambands íslenskra loðdýrabænda, eru 28 bú í landinu og hafa aldrei verið fleiri. Fyrir nokkrum árum voru þau einungis 22.

„Það eru mikill áhugi fyrir þessu og margir að spá og spekulera,“ segir Björn. „Það er líka athyglisvert að það er gríðarlegur áhugi fyrir þessu í Danmörku og Svíþjóð. Það segir ýmislegt þegar áhuginn er svona mikill í landi þar sem smjör drýpur af hverju stráí.“

Verð er með allra hagstæðasta móti fyrir íslensk minkaskinn. Um þessar mundir hefur fengist um 13 þúsund fyrir skinnið en það kostar um sex þúsund í framleiðslu.

jse@frettabladid.is

Njóttu lífsins

Fastus býður uppá fjölbreytt úrval af rafskutlum
Meðfærilegar í notkun • Einfaldar stillingar

Hafðu samband og við hjálpum þér að finna rafskutlu við hæfi



NEO 8
25% afsláttur
Kr. 345.000,-



REGATTA 8
25% afsláttur
Kr. 467.500,-



Tilboð gilda til og með 31. ágúst eða á meðan birgðir endast.

Komið í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • fastus@fastus.is • www.fastus.is



Landsvirkjun

Áttu leið um Fljótsdal?

Ef þú átt leið um Fljótsdal í sumar er upplagt að koma við í gestastofunni í Végarði og kynna Fljótsdalsstöð, stærstu vatnsaflsstöð landsins. Þar er heitt á könnunni alla daga í sumar og boðið upp á leiðsögn við Kárahnjúkastíflu og Hálslón, vatnsmesta lón landsins.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar 10–17 alla daga í allt sumar:

Búrfellsstöð

Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafnu

Kröflustöð

Jarðvarmasýning í gestastofu

Fljótsdalsstöð

Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka mið. og lau. 14–17. Nánari upplýsingar á

www.landsvirkjun.is/heimsoknir

Persónuvernd ályktar:

Heimildir rannsóknarnefnda eru óljósar

PERSÓNUVERND Heimildir rannsóknarnefnda, sem skipaðar eru án þess að hafa sérstakar lagaheimildir til birtingar á persónuupplýsingum, eru oft óljósar. Þetta kemur fram í almennu álitum sem Persónuvernd hefur gefið út.

Dæmi um slíka nefnd er starfshópur sem innanríkisráðherra skipaði til að fara yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Persónuvernd bendir á að unnt sé að setja á fót ráðherraskipaðar rannsóknarnefndir á grundvelli sérlega líkt og þegar Alþingi skipar slíkar nefndir. -le



JOHN MCCAIN Tekur undir með keppinauti sínum frá árinu 2008.

McCain sammála Obama:

Vill endurskoða sjálfsvarnarlög

BANDARÍKIN Repúblikaninn John McCain, sem tapaði í forsetakosningunum árið 2008 fyrir Barack Obama, er sammála forsetanum í því að ástæða sé til að endurskoða lög í Bandaríkjunum um sjálfsvörn.

Lögin hafa verið mikið gagnrýnd í kjölfar réttarhaldanna yfir George Zimmerman, sem sýknaður var af ákæru um morð á hinum 17 ára Trayvon Martin, sem hann segist hafa skotið til bana í sjálfsvörn.

McCain gagnrýnir flokksbræður sína en margir þeirra telja að ef hróflað verður við lögnum gæti það orðið til þess að vegið verði að stjórnarskrárlegum rétti þeirra til vörslu skotvopna.

„Er ekki betra að ræða þessi mál frekar en að fordæma?“ spyr McCain og bætir því við að hann virði skoðanir þeirra en sjái þó ekki tenginguna. -hva

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fannst inni í annars bíl

Einn var handtekinn í Breiðholti í fyrrinótt vegna innbrots í bifreið. Hann var í annarlegu ástandi inni í bifreiðinni og var vistaður í fangageymslu þar til hægt var að ræða við hann. Þá voru ökumenn stöðvaðir í Hafnarfirði og Reykjavík, grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna. Einn þeirra hafði aldrei öðlast ökuréttindi.

ÞÚ KEMST HÆRRÁ Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP




66 ÞÚSUND ÍSLENDINGAR ÁVAXTA FÉ SITT Í LÍFEYRISAUKA

Lífeyrisauki er stærsti sjóður landsins sem býður eingöngu viðbótarlífeyrissparnað.

Sjú ávöxtunarleiddir tryggja að þú finnur þá réttu fyrir þinn lífeyrissparnað og leggur grunn að varasjóði til að skapa þér góð lífskjör eftir starfslok.

Skoðaðu leiðirnar á www.arionbanki.is/lifeyrisauki, með því að senda fyrirspurn á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða hafðu samband við ráðgjafa í síma 444 7000 og leggðu grunn að góðri framtíð í félagsskap fimmtungs þjóðarinnar.

ÁVÖXTUN LÍFEYRISAUKA



Nafnávöxtun 30.06.2012 – 30.06.2013
5 ára meðalnafnávöxtun tímabilið 30.06.2008 – 30.06.2013


Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísendingu um ávöxtun í framtíð. Fimm ára ávöxtunartölurnar sýna meðalnafnávöxtun frá 30.06.2008 – 30.06.2013 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á arionbanki.is/lifeyrisauki.



Orkuforðinn okkar

Vatnsaflsstöðvar nota fallþunga vatns til að knýja hverfla sem vinna rafmagn. Úrkomu og leysingavatni af jöklum landsins er safnað í uppistöðulón, sem flest eru á hálandinu. Vatnsforðinn nær hámarki síðsumars og gerir kleift að vinna raforku jafnt og þétt allt árið.

*Vatnsmagn í miðlunarlónum er mælt í gjagalítrum (milljörðum lítra).



Aníta Hinriksdóttir og landsliðið í knattspyrnu:

Stelpurnar okkar áttu síðustu viku

Warren Buffett, einn ríkasti maður heims, hefur látið hafa það eftir sér að velgengni hans sé fyrst og síðast til komin vegna þess að hann þurfti einungis að keppa við helming mannkyns. Konurnar sátu nefnilega heima og kepptu ekki við hann í viðskiptum og því fór sem fór.

